

Nd.

299. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 27 frá 1921, um aukatekjur rikissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbréfabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabréfið skal greiða 3 krónur, ef fjárhæð skjalsins, skuldabréfsins eða afborgunarinnar er 8000 kr. eða lægri, ella 6 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.